

Ég heiti Anna Hulda Júlíusdóttir og er vígður djákni, starfandi á Hjúkrunarheimilinu Hornbrekku á Ólafsfirði og í Orlofsbúðum eldri borgara á Löngumýri í Skagafirði.

Ég er búsett á Siglufirði ásamt sonum mínum Tryggva og Júlíusi Þorvaldssonum, nemum við Menntaskólann á Tröllaskaga.

Á síðustu 19 árum hef ég einnig starfað við hin ýmsu störf og sjálfböðavinnu innan kirkjunnar í barna- og unglíngastarfi, verið kirkjuvörður og meðhjálpari, leitt bænastarf ásamt því að starfa við sálgæslu. Einnig bý ég yfir áratuga reynslu úr stjórnunarstarfi í innanlandsfluginu og hinum almenna vinnumarkaði.

Við stöndum á tímamótum eftir heimsfaraldur og höfum hér einstakt tækifæri í höndunum til að fara í naflaskoðun og skoða hvernig við brugðumst við sem heild og hvernig nýtt aðgengi opnaðist fyrir þjónustuna okkar í gegnum streymi og samfélagsmiðla. Hér eru tækifæri til að brúa bilið á milli kirkjunnar og samfélagsins sem og okkar sem samstarfsfólks.

Við úrvinnslu á fjárhagsvanda kirkjunnar og niðurskurði þurfum við að standa vörð um grunnþjónustu- og menningarminjar kirkjunnar og að allir hafi jafnan aðgang að þjónustu okkar óháð búsetu.

Víða eru leyndir fjársjóðir innan kirkjunnar okkar, mannauðurinn er mikilvægasta auðlyndin sem við þurfum að hlúa vel að. Efla þarf samstarf og tengslanet starfsmanna, stuðning og faglega hvatningu og einfalda þarf boðleiðir.

Þegar við horfum yfir það fjölbreytta og góða starf sem boðið er upp á til stuðnings, uppbyggingar- og uppörvunar fyrir líkama og sál á Löngumýri, Eiðum, Skálholti, Fjölskyldu- og sálgæsluþjónustunni, Skjólinu, Hjálparstarfinu, Hólum og í kirkjunum okkar um allt land þá er auðséð að öll okkar þjónusta er mikilvæg á sinn hátt.

Kirkjan okkar er svo miklu meira en kirkjubyggingin sjálf. Ég býð mig fram til kirkjuþings af því að mig langar að leggja mitt að mörkum og taka þátt í breytingum og uppbyggju á þjónustu kirkjunnar með diakoniuna-kærleiksþjónustuna að leiðarljósi.

Kærleikskveðja

Anna Hulda